

Nr. 1276

11. desember 2019

GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Sveitarféluginu Árborg.

1. gr.

Eigendur katta í Sveitarféluginu Árborg skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Sveitarféluginu Árborg, nr. 587/2009.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimt gjald að upphæð kr. 2.388.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar sem veldur ónæði eða óþrifum skal eigandi hans greiða handsömunargjald, kr. 16.236.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

Ef eigandi gefur sig ekki fram innan sjö sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallinn kostnað er heimilt að aflífa köttinn, sbr. 8. gr. samþykktar um kattahald í Sveitarféluginu Árborg.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með vísan í 10. gr. samþykktar um kattahald í Sveitarféluginu Árborg, og staðfestist samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Sveitarféluginu Árborg nr. 1374/2018.

Selfossi, 11. desember 2019.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2020